



Reglur Norðurþings um frístund fyrir fötluð börn og ungmenni með langvarandi stuðningsþarfir

1. kafli

Almenn atriði

1. gr.

Lagagrundvöllur

Með frístundþjónustu í reglum þessum er átt við framkvæmd frístundþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni frá 10-18 ára, samkvæmt 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Auk leiðbeininga ráðherra fyrir sveitarfélög varaðandi framkvæmd frístundþjónustu. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundþjónustu grunnskóla sbr. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2018 og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Í reglum þessum er einnig er stuðst við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Jafnframt er tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengst undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna.

2. gr.

Markmið

Markmiðið er að fötluð börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri, sem ekki hafa aðgengi í önnur frístundaúrræði sem hæfi hag og þörfum þeirra, eigi kost á frístundþjónustu yfir daginn meðan skóli er starfandi, í skólafríum og á próftímum þegar hefðbundnir skóladagar eru stuttir.

Frístundþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal vera samþætt almennri frístundþjónustu fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar því verður við komið. Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn og vinna gegn félagslegri einangrun fatlaðra barna og ungmenna. Þjóða skal upp á innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali með það að markmiði að efla félagsfærni og sjálfstæði.

3. gr.

Réttur til þjónustu

Frístundþjónustan er ætluð börnum og ungmennum með staðfestar fötluð greiningar sem skerðinga sinna vegna geta ekki verið ein heima eftir að skóladegi lýkur. Þjónustan skal taka mið af metnum stuðningsþörfum skv. 31. gr. laga nr. 38/2018 og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barna eða ungmennis skv. 12. gr. laga nr. 38/2018.

Til þess að eiga rétt á frístundarþjónustu þurfa notendur að uppfylla öll eftirfarandiskilyrði og leggja fram gögn því til stuðnings eftir því sem við á:

- a. Eiga lögheimili í Norðurþingi.
- b. Vera barn í 5.-10. bekk í grunnskóla eða ungmenni í framhaldsskóla.
- c. Að mat á heildrænni þjónustupörf sýni þörf barnsins fyrir þjónustuna.
- d. Að fötlun hafi verið greind af viðurkenndum greiningaraðilum s.s. Ráðgjafa- og greiningarstöð, barna- og unglíngageðdeild eða Geðheilsumiðstöð barna

4. gr. Skipulag þjónustu

Félagþjónusta Norðurþings fer með faglegt forræði frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, ákveða skipulag og starfseminnar og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir notenda að leiðarljósi.

Við skipulagningu starfsins þarf að huga að:

- Aðgengi: s.s. að húsnæðið og öllum svæðum innan húsnæðisins, upplýsingum, nauðsynlegum hjálpartækjum, aðlögun og stuðningi til þátttöku.
- Öryggi: barna og ungmenna þarf að vera tryggt, m.a. með skilvirkri upplýsingamiðlun um þarfir notenda.
- Áhugamálum: að hvert barn eða ungmenni fái fjölbreytt tækifæri til þess að uppgötva og þróa sín áhugamál og framfylgja þeim.
- Samveru: að starfsfólk í frístundastarfi hafi þekkingu og getu til að aðstoða notendur við að mynda tengsl sín á milli og yfirstíga mögulegar tjáskiptahindranir.
- Sveigjanleika og aðlögun: til þess að mæta börnum og ungmönnum á þeirra eigin forsendum og finna leiðir til þess að aðlaga starfið að þörfum hvers og eins.
- Starfsfólk: lögð sé áhersla á fagmennsku, öryggi og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir.

5. gr. Þjónustími

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal veitt eftir að reglubundnum skóladegi lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Lögbundnir frídagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar, sbr. lög nr. 32/1997 og aðrir lögbundnir frídagar, sbr. lög 88/1971.

Við gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar viðkomandi barns eða ungmennis skal taka mið af skertum skóladögum í skóladagatali viðkomandi skóla og áætlun gerð um aukna þjónustu með tilliti til þess. Í þjónustuáætlun skal einnig gera ráð fyrir sumarleyfum fjölskyldu á orlofstíma, sbr. lög nr. 30/1987, um orlof. Þegar um er að ræða miklar stuðnings- og umönnunarþarfir þarf að huga sérstaklega að orlofstímanum í einstaklingsbundnu þjónustuáætluninni til að ekki verði rof á þjónustu.

Frístundarþjónusta lýkur kl 16:00 á veturna og á sumrin er frístundarþjónusta frá kl 10:00 til 16:00. Gert er ráð fyrir að notendur taki tveggja vikna sumarfrí.



6. gr. Þjónustuteymi

Skv. 12. gr. laga nr. 38/2018 skulu þjónustuaðilar fatlaðs einstaklings sem hefur þörf fyrir viðvarandi fjölþættan stuðning þjónustukerfa félags-, heilbrigðis- og menntamála mynda þverfaglegt þjónustuteymi undir forystu félagsþjónustunnar sem hefur það hlutverk að útfæra þjónustu við viðkomandi, hafa samráð um þjónustuna, m.a. við þann aðila sem sér um frístundaþjónustuna og tryggja samfellu og gæði hennar.

Hafi fatlað barn þörf fyrir samþættingu þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma er unnið samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

7. gr. Mat á þjónustupörf

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal byggjast á metnum stuðningsþörfum fatlaðra barna og ungmenna og skal þjónustan vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis. Mat á stuðningsþörf skal vera unnin í samvinnu við ungmenni eða barn og forsjáraðila enda sé slíkt mat skilgreint sem hluti af skilvirku notendasamráði.

Unnið skal að því að fötluð börn og ungmenni í frístundaþjónustu fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð.

8. gr. Svör við umsókn

Umsækjandi skal fá skriflegt svar við umsókn um frístundaþjónustu þar sem einnig kemur fram mat á stuðningsþörf sbr. 7. gr. reglna þessara og einnig rétt til þjónustunnar skv. 3 gr. Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fjótt sem kostur er.

Við afgreiðslu umsókna skulu börn í umönnunrgreiðsluflokkum Tryggingarstofnun ríkisins 1 og 2 njóta forgangs.

Sé ekki unnt að hefja stuðning strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrirséð er að samþykkt þjónusta geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um önnur úrræði á biðtíma.

9. gr. Gjaldtaka

Gjaldskrá frístundar er birt á heimasíðu Norðurlþing. Gjaldskrá frístundar er endurskoðuð einu sinni á ári og tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Gjöld eru greidd eftir á, ef um þriggja mánaða skuld eða eldri er að ræða skoðast það sem uppsögn á frístund.

Geti barn ekki sótt frístund vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi í frístund. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt frístund. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur.

Ekki er heimilt að innheimta gjald vegna þjónustu eða aðstoðar sem veitt er vegna fötlunar.



10. gr.

Upplýsingamiðlun og effirlit

Upplýsingamiðlun skal vera gagnkvæm og í þágu þeirra markmiða sem þjónustunni er ætlað að ná.

Upplýsingagjöf milli aðila er útfærð með samkomulagi sveitarfélags, notanda þjónustunnar, stuðningsaðila, viðkomandi skóla og frístundaþjónustu. Sé mál barns samþætt skv. lögum nr. 86/2021 er stuðningsteymi heimilt að afla og vinna með nauðsynlegar upplýsingar um heilsu og stöðu barns skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38/2018. Norðurþing ber ábyrgð á að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa innra effirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum og lögum.

II Kafi

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu.

11. gr.

Málsmeðferðarreglur

Málsmeðferðarreglur félagsþjónustu Norðurþings er að finna í IV. kafla reglna Norðurþings um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. En þar koma m.a. fram kæruleiðir vilji umsækjandi ekki una ákvörðun félagsþjónustu Norðurþings.

12. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 29.4.2025.

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Norðurþings þann 08.05.2025

